



Fimleikafélag Hafnarfjarðar

Bæjarráð Hafnarfjarðar,

b.t. formaður Rósa Guðbjartsdóttir.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) óskar eftir að hefja viðræður við Hafnarfjarðarbær um fjármögnun byggingar knatthúss í suðausturhorni Kaplakrikasvæðisins ásamt stækjun og endurnýjun á grasæfingasvæði félagsins. FH myndi leggja til 275 milljónir í framkvæmdina en Hafnarfjarðarbær 70 milljónir í ár og síðan 135 milljónir á ári, árin 2018-2020. Framkvæmdir yrðu í umsjá FH og þeim ljúka á haustdögum 2018, aðstaðan til notkunar veturinn 2018/2019. Knatthús þetta hefur gengið undir nafninu Skessan eins og fram hefur komið í erindum FH til bæjarráðs. Meðferð framlags þessa (475 milljónir) verði hluti af frágangi eignaskiptasamnings í Kaplakrika.

Einnig óskar Fimleikafélag Hafnarfjarðar eftir að gengið verði frá eignaskiptasamningi um Kaplakrika. Hugmyndir okkar varðandi eignaskiptasamninginn eru settar fram sem hugmyndir á grunnstigi og þær þarf að ræða og finna lausn.

Ljóst er að tíminn flýgur frá okkur og til að fá aðstöðu í Kaplakrika, veturinn 2018/2019, er tíminn naumur. Þörf er mjög brýn eins og komið hefur fram og er aðstöðuleysi til knattspyrnuiðkunar innan FH farin að hafa hamlandi áhrif á þátttöku barna og unglings til æfinga og keppni yfir vetrartímann. Afstaða Hafnarfjarðarbæjar þarf að liggja fyrir á allra næstu vikum þ.e. nú fyrir lok fjárhagsáætlunargerðar ársins 2018.

Skýrsla íþróttafulltrúans í Hafnarfirði, Geirs Bjarnasonar, segir meira en mörg orð, og sýnir að veruleg þörf er á aðstöðu fyrir knattspyrnuiðkendur innan FH. Brettum upp ermar, tökum samræðuna á næstu dögum, leggjum fram lausn sem gerir iðkendum kleift að æfa og keppa við viðunandi aðstæður.

Engin gögn eru send með erindi þessu, vísa til áðursendra gagna og eins og ávallt erum við reiðubúin til samtals og viðræðna.

Erindi þetta er sent á alla ráðsmenn í Bæjarráði Hafnarfjarðar ásamt íþróttafulltrúa og bæjarstjóra.

Hafnarfirði 15.9.2017

f.h. aðalstjórnar Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Viðar Halldórsson, formaður